

## 104/01 - Sóley Sigurjóns GK 200

Sóley Sigurjóns GK 200, skipverji slasast við löndun

### Sóley Sigurjóns GK 200

**Skipaskr.nr.:** 1481

**Smíðaður:** Ancona Ítalíu 1971 Stál

**Stærð:** 290,00 brl; 515,00 bt

**Lengd:** 41,72 m **Breidd:** 8,00 m **Dýpt:** 6,00 m

**Vél:** Deutz 618,00 kW **Árgerð:** 1971

**Annað:**

**Földi skipverja:** 11



### Atvikalýsing

Þann 29. nóvember 2001 var verið að landa úr Sóley Sigurjóns GK 200 við Suðurgarð Sandgerðishafnar.

Fjórir skipverjar voru að keyra fjögur kör af fiski (350-400 kg hvert) á hjólatjakk eða hjólatrillu þegar annað hjólið í stýrisbúnaði hennar brotnaði í sama mund og halli kom á skipið vegna hífinga í land með skipskrananum. Hjólatrillan rann út í síðu stjórnborðsmeginn og til baka á einn skipverjann með þeim afleiðingum að hann kjálka- og viðbeinsbrotnaði.

### Við rannsókn kom fram

- að hjólatrillan var af gerðinni BILIFTER og var gefinn upp fyrir 2000 kg;
- að þungi á hjólatrillunni var á bilinu 1400-1800 kg;
- að splitti gaf sig og við það skrapp hjólið af;
- að hallinn sem kom á skipið við hífinguna virðist hafa orðið til þess að splittið gaf sig;
- að raufin fyrir splittið reyndist við mælingu vera 0,5 mm;
- að við athugun hjá umboðsaðila fyrir samskonar hjólatrillu reyndist raufin vera innan við millimeter en nákvæmt mál fékkst ekki. Það kom einnig fram að það reyndi lítið sem ekkert á þetta splitti því fyrir innan það var fóðring og skinna. Mjög áriðandi væri að rétt gerð af þeim væri notuð og þau sætu vel í.

### Nefndarálit

Nefndin telur varhugavert að vera með svona mikinn farm eins og í þessu tilfelli á svona tæki á ferðinni þegar verið er að hífa hluti sem hreyfa skipið eins og raun bar vitni.